

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 26. mars 2021.

Mál nr. 689/2019:

Ákærvaldið

(Marín Ólafsdóttir saksóknari)

gegn

Ragnari Ólafssyni

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Lykilorð

Umferðarlagabrot. Ávana- og fíkniefni. Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Ökuréttarsvipting. Dómvenja. Sakarkostnaður. Refsiákvörðun. Ítrekunaráhrif. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Lagaskil. Skilorð. Dráttur á máli.

Útdráttur

R var sakfelldur fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreið í tvö aðgreind skipti undir áhrifum ávana- og fíkniefna og fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum tiltekið magn af marijúana. Við meðferð málsins í héraði játaði R sök en bar því við að umferðarlagabrotin væru fyrnd. Í dómi Landsréttar kom fram að umferðarlagabrotin hefðu ekki verið fyrnd þegar ákæra var gefin út í málinu. Enn fremur var rakið að eftir uppkvaðningu hins áfrýjada dóms hefðu tekið gildi ný umferðarlög og að dæma skyldi um háttsemi R eftir þeim lögum. Þá var fjallað um áhrif fyrri brota R við ákvörðun refsingar og rakið að háttsemin sem R hefði verið sakfelldur fyrir með tilgreindum dómi Hæstaréttar væri ekki lengur refsinsæm samkvæmt gildandi umferðarlögum. Af lögskýringargögnum með 3. gr. almennra hegningarlaga mætti ráða að horfa skyldi til refsíákvörðunar eldri dóma og viðurlagaákvæðana við mat á ítrekunaráhrifum og ákvörðunar refsingar þrátt fyrir slíkar breytingar. Á hinn bóginn mætti leiða þau grunnsjónarmið af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, um bann við afturvirkni refsilaga, og dómafrankvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, að sakaður maður ætti að njóta þess ef háttsemi sem áður hefði verið talin refsinsæm þætti það ekki lengur. Af þessum sökum kæmi umræddur dómur Hæstaréttar ekki til skoðunar við mat á sakaferli R og ákvörðun refsiviðurlaga. Var refsing R ákveðin 60 daga fangelsi en með hliðsjón af óhóflegum drætti á útgáfu ákæru í málinu var fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá voru ákvæði héraðsdóms um upptöku fíkniefna og ökuréttarsviptingu staðfest.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Arnfríður Einarisdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 14. október 2019 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 3. október 2019 í málinu nr. S-[...]/2019.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.
- 3 Ákærði krefst þess aðallega að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa vegna ákæruliðar IV.5 og sýknu af ákæruliðum I.1 og II.2. Til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að ökuleyfissviptingu verði markaður skemmri tími.

Niðurstaða

- 4 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa í tvö skipti 29. janúar og 6. mars 2017 ekið bifreið óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna. Þá var ákærði jafnframt sakfelldur fyrir að hafa haft í vörslum sínum, í félagi við annan mann, 65,18 g af fíkniefninu marijúana sem fundust við húsleit 5. september 2017. Ákærði játaði sök við meðferð málsins í héraði en bar því við að brot samkvæmt ákæruliðum I.1 og II.2 væru fyrnd og því ætti ekki að gera honum refsingu. Í héraði var farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 5 Umferðarlagabrot ákærða, sbr. ákæruliði I.1 og II.2, voru í hinum áfrýjaða dómi réttilega heimfærð til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga. Þá var fíkniefnalagabrot ákærða, sbr. ákærulið IV.5, réttilega heimfært til 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.
- 6 Eftir að dómurinn var kveðinn upp tóku gildi ný umferðarlög nr. 77/2019. Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður nú dæmt um háttsemi ákærða eftir hinum nýju umferðarlögum, bæði um refsinemi þess verknaðar sem ákærða er gefinn að sök og um refsingu, enda er inntak núgildandi ákvæða hið sama og þeirra sem áður giltu um háttsemi og refsingu ákærða. Brot ákærða eru nú réttilega heimfærð til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.
- 7 Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök á fimm árum þegar ekki liggur þyngr refsing við broti en fjögurra ára fangelsi. Umferðarlagabrot ákærða varða fangelsisrefsingu í allt að tvö ár samkvæmt 95. gr. umferðarlaga, sbr. einnig 100. gr. þágildandi umferðarlaga, og voru þau því ekki fyrnd þegar ákæra var gefin út í málinu.
- 8 Ákærði er fæddur [...]. Í hinum áfrýjaða dómi er rakið að samkvæmt sakavottorði hans sem lá fyrir við meðferð málsins í héraði hafi ákærði tvisvar hlotið refsingu sem skiptir

máli við mat á refsingu hans. Annars vegar hefði hann gengist undir greiðslu sektar að fjárhæð 140.000 krónur með sátt hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. febrúar 2012 vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Jafnframt hefði hann frá sama degi verið sviptur ökurétti í 24 mánuði. Hins vegar hefði hann með dómi Hæstaréttar 22. apríl 2015 verið dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 100.000 krónur vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal fyrir sömu brot og hann er nú ákærður fyrir, auk brota á lögreglulögum. Að auki hefði hann verið sviptur ökurétti í tvö ár frá 9. maí 2014. Við meðferð málsins fyrir Landsrétti lagði ákærvaldið fram nýtt sakavottorð sem tók til eldri brota ákærða. Í því sakavottorði kemur fram að ákærði hafi gengist undir viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Reykjaness 25. júní 2008 þar sem honum var ákvörðuð sekt að fjárhæð 140.000 krónur vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

- 9 Í 95. gr. núgildandi umferðarlaga er ekki mælt fyrir um ítrekunaráhrif að því er refsingu varðar og svo var heldur ekki í 100. gr. eldri umferðarlaga. Með stoð í 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga er aftur á móti löng venja fyrir því að við ákvörðun refsinga fyrir umferðarlagabrot sé litið til fyrri brota af sömu tegund þannig að viðurlög þyngist frá einni viðurlagaákvörðun til annarrar til að tryggja varnaðaráhrif þeirra. Við þessar aðstæður er þá tekið mið af skilyrðum 71. gr. almennra hegningarlaga fyrir ítrekunaráhrifum brota.
- 10 Í áðurgreindum dómi Hæstaréttar 22. apríl 2015 í máli nr. 569/2014 var ákærði fundinn sekur um akstur undir áhrifum fíkniefna en fíkniefni mældust í þvagsýni hans en ekki í blóði. Samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. núgildandi umferðarlaga verður manni ekki gerð refsing samkvæmt ákvæðinu nema ávana- og fíkniefni mælist í blóði hans. Háttsemi ákærða sem honum var refsað fyrir í fyrrgreindum dómi er því ekki lengur refsínæm. Í 3. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að þegar refsilöggjöf lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsíákvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögunum. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpi til almennra hegningarlaga segir: „Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 309. gr. hegnl. 1869 að því viðbættu, að það nær til allrar refsilöggjafarinnar, og að einnig er ákveðið, að það nái til annarra viðurlaga, sem ítrekun kann að hafa í för með sér, en refsingar. Leggja verður hinn eldri dóm eða refsíákvörðun til grundvallar eftir orðan sinni, þannig að t.d. dómur fyrir þjófnað eftir eldri lögum hefir ítrekunaráhrif á nýjan þjófnaðardóm, þótt verknaður sá, sem fyrir var dæmt í eldra málinu og þá taldist til þjófnaðar, sé eftir yngri lögunum talinn annað brot eða e.t.v. refsilaus.“ Samkvæmt þessum ummælum í lögskýringargögnum ætti að túlka ákvæði 3. gr. almennra hegningarlaga á þann veg að horfa eigi til refsíákvörðunar eldri dóma og viðurlagaákvæðana við mat á ítrekunaráhrifum og ákvörðunar refsingar jafnvel þótt sú háttsemi sé ekki lengur refsínæm.

- 11 Mælt er fyrir um bann við afturvirkni refsilaga í 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er nánar kveðið á um hvernig meta eigi refsinaemi verknaðar og ákvörðun refsingar þegar refsilöggjöf hefur breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur. Samkvæmt ákvæðinu ber að dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Með 7. gr. stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995 var tekið upp nýtt ákvæði í 69. gr. stjórnarskrárinnar sem mælti meðal annars fyrir um bann við afturvirkni refsilaga. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að ákvæði um slíkt bann sé einnig að finna í 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og í 1. mgr. 15. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi. Samkvæmt báðum samningunum séu þessi ákvæði ófrávikjanleg, sbr. 2. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmálans og 2. mgr. 4. gr. alþjóðasamningsins.
- 12 Frá því að ákvæði 3. gr. almennra hegningarlaga var upphaflega sett í lög hefur orðið umtalsverð þróun í beitingu og túlkun íslenskra dómstóla á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Má þá þróun meðal annars rekja til setningar stjórnarskipunarlaganna nr. 57/1995 sem breyttu mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og þess að á svipuðum tíma voru ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 62/1994. Á tímabilinu hefur einnig orðið breyting á túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ákvæði 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmálans eins og nánar er rakið í dómi Mannréttindadómstólsins 17. september 2009 í máli Scoppola gegn Ítalíu (nr. 2). Með þeim dómi var horfið frá fyrri framkvæmd dómstólsins um regluna um bann við afturvirkni refsilaga. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 7. gr. sáttmálans fæli einnig í sér að beita skyldi mildari refsilöggjöf þótt hún hefði ekki tekið gildi fyrir en eftir að brot var framið. Var niðurstaða dómstólsins meðal annars reist á því að reglur um bann við afturvirkni laga hefðu þróast frá setningu mannréttindasáttmálans á þann veg að líta yrði á það sem grundvallarreglu í refsirétti að ákærður maður skyldi njóta vægari refsinga ef löggjafinn hefði breytt löggjöf á þann veg eftir að brot væri framið. Er þessi regla sú sama og felst í 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga.
- 13 Nú liggur fyrir það mat löggjafans að samkvæmt íslenskum lögum beri ekki að refsast mönnum fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna ef efnin mælast eingöngu í þvagi. Áður en lagabreyting þessi tók gildi voru refsiaákvæðin í málum vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna mildari ef fíkniefni mældust eingöngu í þvagi eins og vikið er að í áðurgreindum dómi Hæstaréttar í máli ákærða. Í ljósi þeirra grunnsjónarmiða sem nú liggja að baki framangreindu ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar og reglu 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um að sakaður maður eigi að njóta þess ef háttsemi sem áður var talin refsinaem þykir það ekki lengur, verður við það miðað hér að þrátt fyrir þau sjónarmið um ítrekunaráhrif sem lýst var í skýringum með ákvæði 3. gr.

almennra hegningarlaga komi framangreindur dómur Hæstaréttar í máli ákærða ekki til skoðunar við mat á sakaferli hans og ákvörðun refsiviðurlaga.

- 14 Í samræmi við það sem að framan er rakið verður við refsíákvörðun í málinu lagt til grundvallar að ákærði hafi tvisvar sinnum áður verið fundinn sekur um akstur undir áhrifum fíkniefna þannig að áhrif hafi við ákvörðun refsingar hans fyrir þau brot sem nú eru til meðferðar. Fyrir því er löng dómvenja að sá sem fundinn er sekur um að aka undir áhrifum fíkniefna í þriðja sinn sæti fangelsi í 30 daga og að fyrir dæmd brot eftir það hækki fangelsisrefsingin um 30 daga í hvert sinn. Þegar ákært er fyrir fleiri en eitt brot í nýju máli stendur dómvenja til þess að dæma fulla fangelsisrefsingu þannig reiknaða fyrir fyrsta brotið en helming af þeirri refsingu fyrir önnur brot í málinu sem eru af sama toga. Refsing ákærða hefði samkvæmt þessari dómaframkvæmd verið hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi fyrir þau tvö umferðalagabrot sem hann hefur játað. Samkvæmt framansögðu og því að ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærulið IV.5 verður ákvörðun hins áfrýjaða dóms um fangelsi í 60 daga staðfest.
- 15 Svo sem áður er rakið voru umferðarlagabrotin framin 29. janúar og 6. mars 2017. Ákæra í málinu var gefin út 14. maí 2019 en þá voru liðin ríflega tvö ár frá því að síðustu rannsóknaraðgerðir vegna þeirra ákæruliða áttu sér stað 17. febrúar og 17. mars 2017 með útgáfu matsgerða. Þá liðu 20 mánuðir frá því að fíkniefni í vörslum ákærða voru haldlögð þar til ákæra í málinu var gefin út. Brotin sem ákærða eru gefin að sök eru einföld í rannsókn og ákæru og hefur ekki komið fram önnur skýring á drætti á útgáfu ákæru en að fleiri brot hafi verið til rannsóknar sem einnig var ákært fyrir í málinu. Frá þeim ákæruliðum var fallið í þinghaldi í héraði 23. september 2019 og liggur ekki fyrir nein skýring á því af hvaða ástæðum það var gert. Af þeim sökum er ekki unnt að leita skýringa í þeim brotum fyrir því að rannsókn og útgáfa ákæru hafi dregist. Sá dráttur sem varð á útgáfu ákæru í málinu verður því að teljast óhóflegur og fer málsmeðferðin í bága við ákvæði 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og meginreglu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af þessum sökum verður refsing ákærða skilorðsbundin á þann veg sem í dómsorði greinir.
- 16 Ekki eru efni til að marka ökuleyfissviptingu ákærða skemmri tíma en gert var í hinum áfrýjaða dómi, sbr. 3. mgr. 99. gr. núgildandi umferðarlaga sem er samhljóða 3. mgr. 101. gr. eldri umferðarlaga. Því verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða og upptöku fíkniefna.
- 17 Með vísan til 1. mgr. 237. gr., sbr. 1. mgr. 235. gr., laga nr. 88/2008 þykir rétt að ákærði greiði helming sakarkostnaðar í héraði og helming áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talinn helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfest er niðurstaða hins áfrýjaða dóms um ökuleyfisviptingu ákærða og upptöku fíkniefna.

Ákærði, Ragnar Ólafsson, greiði helming sakarkostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti sem samtals er 1.023.573 krónur, þar með talinn helming málsvarnarlagna skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, sem í heild nema 766.320 krónum.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður í héraði og fyrir Landsrétti úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 3. október 2019

I

Mál þetta, sem þingfest var 24. júní 2019 en dómtekið 23. september sama ár, höfðaði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 14. maí 2019 á hendur Ragnari Ólafssyni, [...], [...], Kópavogi, fyrir eftirtalin hegningar-, fíkniefna- og umferðarlagabrot;

I.

„1. Umferðarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 29. janúar 2017, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist 55 ng/ml af amfetamíni, 20 ng/ml af kókáini og 0,40% vínandi, í þvagi mældist amfetamín og kókáin) frá bifreiðastæði við [...] í Kópavogi, uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar.

Mál nr. 007-2017- [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

2. Umferðarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt mánudagsins 6. mars 2017, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist 435 ng/ml af amfetamíni og í þvagi mældist amfetamín) um [...] í Garðabæ, uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar.

Mál nr. 007-2017- [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

3. Þjófnað með því að hafa, laugardaginn 13. maí 2017, stolið úr verslun [...], að [...] í Reykjavík, Sonos hátalara að söluverðmæti 51.895 kr.

Mál nr. 007-2017- [...]

IV.

4. Hylmingu með því að hafa, um nokkurt skeið og fram til þriðjudagsins 5. september 2017, tekið við og haft í vörslum sínum, í félagi við A, kt. [...], tölvu- og myndavélabúnað, að áætluðu verðmæti 2.581.364 kr., sem fannst við húslleit lögreglu á heimili þeirra að [...] í Reykjavík, en munum þessum hafði verið stolið úr húsnæði að [...] í Reykjavík laugardaginn 2. september 2017 og eftirtalda muni að samtals áætluðu

verðmæti 2.480.000 kr., sem fundust við sömu húsleit, en munum þessum hafði verið stolið úr íbúð að [...] í Reykjavík mánudaginn 4. september 2017:
Mál nr. 007-2017-[...] og 007-2017-[...]

Munanúmer:	Lýsing munar:	Fjöldi:	Áætlað verðmæti:
[...]	Macbook pro fartölva	1 stk.	300.000 kr.
[...]	Lenovo Ideapad fartölva	1 stk.	130.000 kr.
[...]	Silfurhringur	3 stk.	250.000 kr.
[...]	Cartier armbandsúr	1 stk.	1.800.000 kr.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 5. september 2017, haft í vörslum sínum, í félagi við A, kt. [...], 65,18 g af maríhúana, sem fannst við húsleit sem greinir í 5. tl., og lagt var hald á.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

V.

6. Umferðarlagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 13. september 2018, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist 215 ng/ml af amfetamíni) um [...] í Reykjavík, uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar við Háaleitisbraut nr. 58-60.

Mál nr. 007-2018-[...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006. Þess er jafnframt krafist að gerð verði upptæk framangreind fíkniefni samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Við þingfestingu málsins kom ákærði kom fyrir dóminn og játaði háttsemi sem lýst er í I. og II. lið ákærunnar, en telur sakir fyrndar og því verði honum ekki gerð refsing vegna þeirra brota. Þá játaði hann fíkniefnalagabrot sem lýst er í 5. tölulið IV. liðar ákærunnar. Að öðru leyti neitaði hann sakargiftum. Við fyrirtöku málsins 23. september 2019 féll ákærvaldið frá ákæruliðum í 3. tölulið III. liðar, 4. tölulið IV. liðar og 6. tölulið í V. lið. Við sama tækifæri féllst ákærði á upptökukröfu ákærvaldsins.

Þar sem ákærði játaði skýlaust brot sín, að teknu tilliti til framangreindra breytinga á ákæru, og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans sé sannleikanum samkvæm, var ákveðið að fara með málið að hætti 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. og 4. mgr. 183. gr. sömu laga. Að því búnu reifuðu sækjandi og verjandi sjónarmið hvors um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

II

Eins og áður segir játaði ákærði þá háttsemi sem lýst er í I. og II. lið ákærunnar, en telur þær sakir fyrndar og því verði honum ekki gerð refsing, enda geti refsing fyrir þau brot ekki varðað annað en sektum þar sem líta beri svo á að um fyrsta brot sé að ræða. Að auki játaði hann fíkniefnalagabrot sem lýst er í 5. tölulið IV. liðar ákærunnar. Krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Ákærði framdi fyrra umferðarlagabrotið samkvæmt ákæru 29. janúar 2017, en hið síðara 6. mars sama ár. Í 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er mælt svo fyrir að brot gegn þeim þeim lögum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Þá segir í 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að þegar ekki liggi þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi, eða refsing sú

sem til er unnið fer ekki fram úr sektum, þá fyrnist sök á tveimur árum. Hins vegar fyrnist sök á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvisvar hlotið refsingu sem skiptir máli við mat á refsingu hans nú. Annars vegar gekkst hann undir greiðslu sektar að fjárhæð 140.000 krónur með sátt hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. febrúar 2012 vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Jafnframt var hann frá sama degi sviptur ökurétti í 24 mánuði. Hins vegar var hann með dómi Hæstaréttar 22. apríl 2015 dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 100.000 krónur vegna brota á umferðarlögum, þar á meðal fyrir sömu brot og hann er nú ákærður fyrir, auk brota á lögreglulögum. Að auki var hann sviptur ökurétti í tvö ár frá 9. maí 2014. Með vísan til þessa hefur ákærði með brotum þeim sem lýst er í ákæruliðum I. og II. gerst sekur um ítrekaðan akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Vegna þeirra brota, og að teknu tilliti til þess að brot hans eru ófyrnd samkvæmt ofansögðu, verður hann í samræmi við dómvenju dæmdur til fangelsisrefsingar, auk ævilangrar ökuréttarsviptingar, sbr. 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fram er komið að ákærði játaði þá háttsemi sem lýst er í 5. tölulið IV. liðar ákærunnar. Í ljósi skýlausrar játningar ákærða og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, auk þess sem svipta ber hann ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Þá verður ákærða í samræmi við tilvitnuð ákvæði í ákæru gert að sæta upptöku á 65,18 g af maríhúana, sem fundust við húsleit lögreglu.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins, en þar er um að ræða sakarkostnað lögreglu að fjárhæð 232.867 krónur, auk þóknunar til skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 295.120 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Upptæk skulu gerð til ríkissjóðs 65,18 g af maríhúana.

Ákærði greiði alls 527.987 krónur í sakarkostnað, þar af 295.120 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns.